

ERINDISBRÉF

Vinnuhópur um verkefnið **Dalabyggð í sókn** – *ímynd, aðdráttarafl og staðarandi*

1. gr.

Um er að ræða verkefni sem fékk styrk úr verkefninu C1 sem er hluti af byggðaaáætlun. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi leiða verkefnið en sveitarfélagið Dalabyggð er samstarfsaðili. Stofnaður verði fjögurra manna vinnuhópur þar sem Dalabyggð skipar tvo fulltrúa, SSV skipar tvo fulltrúa og Háskólinn á Bifröst einn fulltrúa. Hópurinn tekur til starfa í byrjun júní 2023 og er áætlað að hann ljúki störfum í haustið 2024.

2. gr.

Hópurinn starfar undir SSV og er formaður vinnuhópsins skipaður á fyrsta fundi. Hópurinn skal færa fundargerðir í tölvu og senda þær til kynningar hjá sveitarstjórn Dalabyggðar, SSV og Háskólanum á Bifröst. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi ef þurfa þykir.

3. gr.

Hlutverk vinnuhópsins er að gera tillögu að nýtingu fjármuna í samræmi við 4. gr. þessa erindisbréfs og fylgja þeim tillögum eftir, með eftirfarandi í huga:

- Að úthluta þeim verkþáttum sem fram koma í verkefninu og fylgja þeim eftir
- Að gerð verði stöðugreining á staðaranda Dalabyggðar
- Að leitað verði eftir samstarfi, hvort heldur innan lands eða utan, um sérfræðiþekkingu á sjálfsmyndarvinnu/staðaranda sveitarfélaga
- Að leitað verði eftir samstarfi, hvort heldur innan lands eða utan, varðandi markaðssetningu/ímyndasköpun á sveitarfélaginu
- Að ímynd verði skerpt og aðdráttarafl aukið, í samstarfi við íbúa Dalabyggðar
- Að til verði vörumerki og að baki vörumerkinu liggi verkfærakista sem nýtist bæði í opinberu tilgangi svo sem stefnumótun og áætlanagerð en einnig út á við eins og í markaðssetningu.

4. gr.

Verkefnið *Dalabyggð í sókn* hefur fengið styrk úr verkefninu C1 sem er hluti af byggðaaáætlun, samtals 11,2 m.kr. Styrkurinn er greiddur út til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) samkvæmt samningi þar um. Með hliðsjón af umsókn SSV um styrkveitinguna mun vinnuhópurinn gera tillögu að því hvernig þessum fjármunum verði varið og fylgja þeim tillögum eftir. Allar tillögur hópsins er kalla á fjárútlát þurfa samþykki stjórnar SSV. Öllum samstarfsaðilum verður haldið upplýstum um störf hópsins.

5. gr.

Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að 12 sinnum á starfstímanum. Áætlað er að hópurinn ljúki vinnu sinni haustið 2024.